Nr. 22.
2.
nóvbr

# Fjáraukalög

fyrir

árin 1884 og 1885.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru

1. grein.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, veitist allt að 9,477 kr. 31 e. til útgjalda þeirra, er nefnd eru í 2.—5. gr. hjer á eptir.

2. grein.

Afgjöld þau af Odda prestakalli í Rangárvalla prófastsdæmi, sem enn eru ógoldin, og eins þau, er á falla til loka fjárhagstímabilsins, alls að upphæð 2013 kr. 31 e., verða gefin eptir og dragast frá tekjum þeim, er taldar eru í 1. lið í 5. gr. fjárlaganna að greiddar verði frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880, þó með því skilyrði, að Oddaprestur afsali sjer að fullu og öllu umráðum yfir og eptirgjaldi eptir svo margar jarðir prestakallsins, að árlegt eptirgjald þeirra nemi að minnsta kosti 500 kr., en landsstjórnin leggi jarðir þessar til uppbótar öðrum prestaköllum, er uppbót eiga að fá eptir lögum 27. febr. 1880.

3. grein.

Sem viðbót við „ýmisleg útgjöld“ í 10. gr. C. í fjárlögunum veitast:

1. 1,714 kr. til aðalaðgerðar á nokkrum af úthýsum þeim, er heyra embættisbústað landshöfðingja til, og til þess að endurreisa þau að nokkru leyti. Fje þetta er lán, er liggur á landshöfðingjaembættinu, og gjaldist af því arlega 6% í vexti og afborgun í 28 ár.
2. Allt að 3,500 kr. til að endurreisa kirkjuna í Bjarnanesi.

# Lov

Nr. 22.
2den
Novbr.

om

## Tillægsbevilling for Aarene 1884 og 1885.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Som Tillæg til de i Finantsloven for Aarene 1884 og 1885 opførte Udgifter bevilges indtil 9,477 Kr. 31 Ø. til de i efterfølgende §§ 2—5 opførte Udgifter.

§ 2.

Til Afgang paa de i Finantslovens § 5 Post 1 opførte Indbetalinger fra Præstekald i Henhold til Lov af 27de Februar 1880 bevilges de resterende og inden Udgangen af Finantsperioden paaløbende Indbetalinger af Oddi Præstekald i Rangarvalla Syssel 2,013 Kr. 31 Ø., dog paa den Betingelse, at Præsten til Oddi endelig afgiver Raadigheden over og Afgifterne af saamange af Præstekaldets Jorder, at de aarlige Afgifter af disse andrage i det Mindste 500 Kr., og at Regjeringen henlægger disse Jorder til andre Præstekald, der skulle erholde Tilskud efter Lov af 27de Februar 1880.

§ 3.

Som Tillæg til de i Finantslovens § 10 C. opførte „Forskjellige Udgifter“ bevilges:

1. Til en Hovedreparation og delvis Ombygning af nogle af de til Landshøvdingens Embedsbolig hørende Udhuse 1,714 Kr. Dette Beløb paahviler som Laan Landshøvdingembedet og forrentes og afdrages med 6 pCt. aarlig i 28 Aar.
2. Til Gjenopførelse af Bjarnanes Kirke indtil 3,500 Kr.

Nr. 22.
2. nóvbr.

4. grein.

Sem viðbót við útgjöldin til kirkju- og kennslumálefna í 13. gr. fjárlaganna veitast:

1. Undir lið B. II. b. til „annara útgjalda, er snerta læknaskólann": 100 kr. fyrir kennslu í efnafræði, og 100 kr. til að kaupa áhöld til kennslunnar.
2. Undir lið B. IV. b. 1: allt að 250 kr. handa gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum til leikfimisáhalda.

5. grein.

Sem viðbót við útgjöldin til vísindalegra og verklegra fyrirtækja í 16. gr. fjárlaganna veitist til kostnaðar við að setja í umgjörð myndir, er gefnar hafa verið til að koma á fót myndasafni fyrir Ísland, og fá þær fluttar hingað, allt að 1800 kr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 2. nóvbr. 1885.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 4.

Som Tillæg til de i Finantslovens § 13 opførte Udgifter til Kirke- og Undervisningsvæsenet bevilges:

1. Til B. II. b. „til Andre Udgifter vedrørende Lægeskolen": til Timeundervisning i Kemi 100 Kr. og til Anskaffelse af de til denne Undervisning fornødne Apparater 100 Kr.
2. Til B. IV. b. 1 til Indkjøb af Gymnastikapparater til Realskolen paa Mødruvellir indtil 250 Kr.

§ 5.

Som Tillæg til de i Finantslovens § 16 opførte Understøttelser i literære og praktiske Øjemed bevilges indtil 1,800 Kr. til Bestridelse af Omkostningerne ved at anskaffe Rammer til nogle Malerier, der ere blevne skjænkede til Island for her at grundlægge en Malerisamling, og ved Maleriernes Transport hertil.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 2den November 1885.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*